



discovery tmax

<input type="checkbox"/> Notkunarleiðbeiningar (notandi)	3
--	---

Efnisyfirlit

IS

1	Formáli	5
2	Vörulýsing	5
2.1	Notkunareiginleikar	5
2.2	Vöryfirlit	6
3	Öryggi	7
3.1	Skilgreining hættumerkja	7
3.2	Almennar öryggisleiðbeiningar	8
3.3	Öryggisleiðbeiningar fyrir notkun	8
3.4	Upplýsingamiði	12
4	Afhending	12
4.1	Afhendingarpakki	12
4.2	Staðalbúnaður	13
4.3	Valkostir	13
4.4	Geymsla	13
5	Undirbúningur fyrir notkun	13
5.1	Samsetning	13
6	Notkun	14
6.1	Aðferðir við notkun hjólastóls	14
6.2	Farið í stólinn/flutningur	15
6.3	Notkunarupplýsingar	16
6.3.1	Sæti/sætakerfi	16
6.3.1.1	Notkun breytilegra sätakerfa	16
6.3.1.2	Hallastilling sætis/sætakerfis	17
6.3.1.3	Hallastilling baks	18
6.3.1.4	Festing/fjarlæging sätisskeljar/sætakerfis	19
6.3.1.5	Notkun þverslár með bakstilli	22
6.3.2	Hliðarplötur	22
6.3.2.1	Hæðarstilling armhvílu	22
6.3.2.2	Stilling framhandleggspúða með snúningsás	23
6.3.3	Ökuhandföng/ökuslá	24
6.3.3.1	Stilling ökuslár	24
6.3.3.2	Stilling hæðarstillanlegra ökuhandfanga	24
6.3.3.3	Notkun fastra ökuhandfanga	25
6.3.4	Fótahvílur	25
6.3.4.1	Fjarlæging/festing fótahvíla	25
6.3.4.2	Fótastoðum/fótaplötum flett upp	27
6.3.4.3	Hallastilling fótahvílu	27
6.3.5	Hjól	28
6.3.5.1	Fjarlæging/festing afturhjóra	28
6.3.6	Bremsur	29
6.3.6.1	Notkun hjólabremsunnar til að leggja hjólastólnum	29
6.3.6.2	Stilling hjólabremsunnar	30
6.3.6.3	Notkun bremsuskálarinnar	30
6.3.7	Veltivörn	31
6.3.7.1	Veltivörn gerð virk/óvirk	31
6.3.8	Lyftihjálur	32
6.3.9	Bakki	32
6.3.10	Belti/beltakerfi	32
6.3.10.1	Belti/beltakerfi	32
6.3.11	Valfrjálsir aukahlutir	33
6.4	Sundurhlutun/flutningur	33

6.5	Notkun stólsins í hjólastólabíl	33
6.5.1	Almennar öryggisleiðbeiningar	33
6.5.2	Skyldubúnaður	33
6.6	Umhirða	34
6.6.1	Leiðbeiningar varðandi umhirðu	34
6.6.2	Hreinsun	34
6.6.3	Sóttgreinsun	34
7	Viðhald/viðgerðir	34
7.1	Viðhald	34
7.1.1	Viðhaldstímabil	34
7.1.2	Viðhaldsverk	35
7.2	Viðgerðir	36
7.2.1	Skipt um hjólbarðaslöngu, felguvörn og hjólbarða	36
7.2.2	Sértilfelli þar sem hjól eru búin pólýúretan hjólbörðum	37
8	Förgun	37
8.1	Upplýsingar um förgun	37
9	Lagalegar upplýsingar	37
9.1	Endingartími	37
9.2	Ábyrgð	37
9.3	CE-samræmi	37
9.4	Ábyrgðarskilmálar	38
10	Viðauki	38
10.1	Tæknilegar upplýsingar	38

1 Formáli

UPPLÝSINGAR

Dagsetning síðustu uppfærslu: \$ReleaseDate\$

- ▶ Vinsamlegast lesið þetta skjal vandlega.
- ▶ Fylgið öryggisleiðbeiningum.

UPPLÝSINGAR

- ▶ Þessar notkunarleiðbeiningar (fyrir notendur) er hægt að lesa og hala niður af vefsíðunni www.ottobock.com. Hægt er að stækka letur PDF-skjalsins sem þar er að finna.
- ▶ Athugið að notkunarleiðbeiningarnar eru endurskoðaðar reglulega. Hægt er að lesa og hala niður nýjustu útgáfu leiðbeininganna af viðeigandi síðu á www.ottobock.com.
- ▶ Ef frekari spurningar um notkunarleiðbeiningarnar (fyrir notendur) koma upp skal hafa samband við þjálfað starfsfólk sem varan var fengin hjá.

Þú hefur keypt fjölhæfa hágæðavöru sem hægt að nota daglega, bæði innandyra sem utan.

Vinsamlegast lesið þessar leiðbeiningar vandlega áður en varan er notuð. Notendur skulu kynna sér meðhöndlun, eiginleika og notkun vörunnar áður en hún er notuð. Fylgið öllum öryggisupplýsingum og leiðbeiningum eftir til að koma í veg fyrir meiðsli. Geymið þessar leiðbeiningar á öruggum stað til að geta leitað í þær síðar.

Gætið sérstaklega að eftirfarandi :

- Allir notendur (að börnum og unglimum meðtöldum) verður að fá leiðsögn um notkun þessarar vöru frá þjálfuðu starfsfólki eða hjúkrunarfólki sem notar þessar notkunarleiðbeiningar.
- Hjúkrunarfólk (aðilar sem nota stólinn og ýta honum) verður að hafa fengið leiðsögn um notkun vörunnar frá þjálfuðu starfsfólki sem notar þessar notkunarleiðbeiningar.
- Búið er að aðlaga vöruna að þörfum notandans. Einungis þjálfað starfsfólk hefur leyfi til að framkvæma breytingar á vörunni. Ráðlagt er að athuga stillingar vörunnar reglulega til að tryggja að hún henti notandanum sem best til lengri tíma lítið. Athuga skal hvort varan henti notandanum á sex mánaða fresti, sérstaklega ef um börn og unglunga er að ræða.
- Ef spurningar eða vandamál koma upp sem ekki er hægt að leysa með þessum notkunarleiðbeiningum skal hafa samband við þjálfað starfsfólk sem aðlagði vöruna eða þjónustudeild framleiðandans (sjá heimilisföng á innan- eða aftanverðri bakkápu).
- Einungis er hægt að nota vöruna með þeim búnaði sem greint er frá hér. Framleiðandi ber enga ábyrgð á vörunni sé hún notuð með lækningabúnaði og/eða tengibúnaði frá þriðja aðila sem ekki fylgir með samsettu kerfi. Notandi eða hjúkrunarfólk skal kynna sér upplýsingarnar í kaflanum "Ábyrgð".
- Einungis þjálfað starfsfólk má framkvæma viðgerðir á vörunni og þjónusta hana. Ef vandamál koma upp skal hafa samband við viðeigandi dreifiaðila. Þetta tryggir að viðgerðir séu einungis framkvæmdar með varahlutum frá Ottobock.
- Ottobock ber enga ábyrgð ef varan er notuð með sætakerfum sem ekki hafa verið vottuð af Ottobock (sjá kafla um "Ábyrgð").
- Vera má að varan þín sé ekki sú sama og á myndunum. Athugið: Vera má að þeir valkostir sem gert er grein fyrir í þessum leiðbeiningum séu ekki settir upp á hjólastólnum þínum.
- Framleiðandi áskilur sér rétt til að framkvæma tæknilegar breytingar á vörutegundinni sem lýst er í þessum notkunarleiðbeiningum.

2 Vörulýsing

2.1 Notkunareiginleikar

Discoverytmax er einungis ætlaður til notkunar með sætakerfum til bæklunarlækninga (t.d. sætisskeljum) fyrir einstaklinga sem geta ekki gengið eða eiga erfitt með það. Bæði getur notandinn keyrt hjólastólinn sjálfur eða látið hjúkrunarfólk um það.

Discoverytmax er hægt að nota innandyra sem utan. Til að stóllinn henti sem best hverjum og einum er hægt að stilla hann og/eða aðlaga.

2.2 Vöruyfirlit



discoverytmmax · með 12" hjólum

1	Undirgrind	8	Framhjól
2	Sætisgrind	9	Fótahvíla
3	Snúningsás fyrir hallastillingu	10	Fótahvílur
4	Göt fyrir hallastillingar (2,5° aukning með hverju gati)	11	Armar með armhvílum
5	Hemlafótstig	12	Bakgrind
6	Afturhjól	13	Ökuhandföng
7	Hjólabremsa	14	Festistaður (valkostur)

discovery^{tmax} með 22" hjólum

1	Undirgrind	8	Framhjól
2	Sætisgrind	9	Fótahvíla
3	Snúningsás fyrir hallastillingu	10	Fótahvílur
4	Göt fyrir hallastillingar (2,5° aukning með hverju gati)	11	Armar með armhvílum
5	Hemlafótstig	12	Bakgrind
6	Afturhjól	13	Ökuhandföng
7	Hjólabremsa	14	Festistaður (valkostur)

3 Öryggi

3.1 Skilgreining hættumerkja

VIÐVÖRUN	Aðvörun um áhættu á alvarlegu slysi eða meiðslum.
VARÚÐ	Aðvörun um áhættu á slysi eða meiðslum.
ÁBENDING	Aðvörun um áhættu á tæknilegum skemmdum.

3.2 Almennar öryggisleiðbeiningar

UPPLÝSINGAR

Allar öryggisupplýsingar þessa skjals eiga við notandann og/eða hjúkrunaraðila.

Nauðsynlegt er að hjúkrunarfræðingurinn sé líkamlega og andlega fær til að nota vöruna og að hann skilji notkunarleiðbeiningarnar.

VARÚÐ

Skilningsskortur á notkunarleiðbeiningum

Meiðsli vegna notandamistaka

- ▶ Lesið notkunarleiðbeiningarnar áður en varan er notuð.
- ▶ Notendur skulu kynna sér meðhöndlun, eiginleika og notkun vörunnar áður en hún er notuð. Vanræksla á eftirfylgni þessara leiðbeininga getur stofnað öryggi notandans í hættu.

3.3 Öryggisleiðbeiningar fyrir notkun

Hættur vegna rangrar framkomu hjúkrunaraðila

VIÐVÖRUN

Vanræksla á umsjón

Áhætta á veltu, falli

- ▶ Skiljið notandann aldrei eftir einan þó svo að öryggisbeltin séu spennt og hjólabremsan virk.

VARÚÐ

Óleyfileg notkun við ástundun íþrótta

Áhætta á veltu, falli

- ▶ Notið hjólastólinn ekki við ástundun íþrótta (t.d. í skokki).

Hættur við undirbúning hjólastólsins

ÁBENDING

Herslugildum ekki fylgt eftir

Íhlutir losna

- ▶ Herslugildin í þessum notkunarleiðbeiningum eru bestu gildin fyrir herslu ákveðinna skrúfufestinga. Nota skal herslutöng með Nm gildum til að herða skrúfur þessarar vöru.

VIÐVÖRUN

Óæskileg meðhöndlun umbúðaefna

Áhætta á köfnun

- ▶ Geymið umbúðaefni þar sem börn ná ekki til.

VARÚÐ

Röng festing hjóla sem hægt er að fjarlægja

Áhætta á að notandinn detti eða velti fram fyrir sig

- ▶ Tryggið að hjólin sem hægt er að fjarlægja séu rétt fest eftir að þau hafa verið sett á stólinn. Hraðtengiöxlarnir verða að vera vel festir í hjólatengjunum.

Hætta þegar farið er í hjólastólinn

VARÚÐ

Óleyfileg notkun með fleiri en einum notanda

Áhætta á falli, veltu

- ▶ Hjólastóllinn er hannaður fyrir einn notanda. Enginn aðili má vera í hjólastólnum með notandanum.

⚠ VARÚÐ**Röng notkun fótahvíla/fótaplata**

Áhætta á falli, veltu

- ▶ Lyftið fótahvílunum upp áður en farið er í hjólastólinn.
- ▶ Ef fótaplötur eru tvískiptar skal tryggja að þær séu í sömu hæð.
- ▶ Þegar fótahvílurnar læsast á að heyrast hljóð.

⚠ VARÚÐ**Brotskemmdir á burðarhlutum vegna ofhleðslu**

Fall, velta, meiðsli vegna skemmda á hemlum

- ▶ Burðarþyngd má ekki fara yfir hámarksburðargetu (sjá kaflann "Tæknilegar upplýsingar").

⚠ VARÚÐ**Skortur á stöðugleika vegna aukþyngdar sem sett er á stólinn**

Velta eða fall af sætisskel/sætakerfi, brotskemmdir á burðarhlutum

- ▶ Festið ekki aukahluti við grindina, krossrammann eða sætið.

Hættur við hallastillingu sætis (stilling á hallagráðu)**⚠ VARÚÐ****Röng aðferð við hallastillingu sætis**

Velta eða fall úr sætisskel/sætakerfi

- ▶ Áður en hallastilling er framkvæmd (stilling á hallagráðu sætis) með notanda í stólnum, skal framkvæma hana á auðum stól.
- ▶ Framkvæmið ávallt hallastillingu sætis á jafnsléttu og harðri grund.
- ▶ Gerið veltuvörn ávallt virka áður en hallastilling sætis er framkvæmd (stilling á hallagráðu sætis).
- ▶ Minnkið halla sætisins (lárétt, hlutlaus staða sætis) áður en stólinn er keyrður í halla eða yfir hindranir. Ráðlagt er að halla sætinu örlítið aftur á bak ef stólnum er ekið niður halla.
- ▶ Keyrið einungis stólnum í halla ef hægt er að ráða við hann með handafli.
- ▶ Notið aldrei hemlafótstigið til að stilla sætishalla á óviðráðanlegan hátt.
- ▶ Þegar stigið er á hemlafótstig skal halda við notandann til að hann detti hvorki fram né aftur fyrir sig. Haldið fast um ökuhandföng þegar stigið er á læsifótstigið þar til heyrast að stillingarkerfið hafi fest báðu megin.
- ▶ Setjið hendurnar ekki inn í stillingarkerfið þegar hallastillingu er breytt.

Hætta á meiðslum á höndum**⚠ VARÚÐ****Klemma vegna íhluta**

Áhætta á að fingur kremjist eða klemmist vegna rangrar meðhöndlunar

- ▶ Þegar hallastilling sætis er framkvæmd skal ekki setja hendurnar á milli sætisrörsins og grindarinnar.
- ▶ Setjið hendurnar ekki á milli hjólsins og hjólabremsunnar þegar hemlað er.
- ▶ Teygið hendurnar ekki inn á milli teinanna.
- ▶ Gætið þess að hendurnar klemmist ekki þegar fótahvílur eru færðar eða þeim læst.
- ▶ Gætið þess að klemmast ekki á milli íhluta á hliðum eða í grind stólsins.

Hættur þegar stólnum er keyrt**⚠ VARÚÐ****Óþjálfaður aðili keyrir stólinn**

Hætta á að notandinn detti eða velti

- ▶ Nauðsynlegt er að kynna sér stólinn með því að keyra hann á hindranalausri jafnsléttu.
- ▶ Fáíð aðstoð við að læra hvernig hjólastóllinn bregst við breytingum á þungamiðju, t.d. í brekkum, skáhalla eða þegar hann er keyrður yfir hindranir.
- ▶ Gerið veltuvörn ávallt virka.

VARÚÐ**Röng þyngdarmiðja**

Hætta á að notandinn velti fram fyrir sig eða til hliðanna

- ▶ Þegar notandinn teygir sig í hluti skal gæta þess að hann halli sér ekki of langt frá sætinu.
- ▶ Setjið sætið í hlutlausu stöðu (0-5°) áður en stóllinn er keyrður í halla, yfir hindranir í halla eða á rampi.
- ▶ Haldið ávallt um afturhluta stólsins þegar keyrt er í halla og yfir hindranir í halla eða á skábrautum.
- ▶ Keyrið ekki hjólastólinn ef halli sætisins er neikvæður (sætið hallar fram á við).
- ▶ Stöðvið aldrei stóllinn í halla ef notandinn er í sætinu.

VARÚÐ**Hættumikil notkun**

Notandinn getur dottið eða oltið fram fyrir sig eða til hliðanna og orsakað slys meðal annarra vegfarenda

- ▶ Ýtið stólnum rólega áfram þegar keyrt er yfir hindranir (t.d. stigaprep eða gangstéttarbrúnir), upp eða niður brekkur eða skáhallt.
- ▶ Farið aldrei skáhallt yfir hindranir. Komið ávallt beint að hindrunum (við 90° horn).
- ▶ Lyftið framhjólunum upp áður en farið er yfir hindranir.
- ▶ Forðist að rekast á hindranir og að stóllinn detti fram af gangstéttarbrúnum/bríkum.
- ▶ Forðist að keyra stóllinn á malarvegum.

VARÚÐ**Röng notkun hjólabremsu**

Hætta á falli þegar bremsað er of harkalega, hjólastóllinn rennur í burtu, hendur kremjast

- ▶ Notið ekki hjólabremsuna sem aksturshemil.
- ▶ Virkið hjólabremsur beggja megin stólsins.
- ▶ Þegar stóllinn er stöðvaður á ósléttri grundu eða þegar hann er fluttur (t.d. í bíl) skal nota hjólabremsuna til að festa hjólastólinn.
- ▶ Setjið ekki hendurnar á milli afturhjólsins og hjólabremsunnar þegar hjólastóllinn er keyrður.
- ▶ Tryggið að stilling hjólabremsunnar sé rétt (í u.þ.b. **5 mm** fjarlægð frá hjólbörðunum, með tilliti til tæknilegra breytinga) og að hjólbarðaprýstingur sé nægur.

Hættur þegar keyrt er yfir hindranir**VIÐVÖRUN****Keyrsla í halla, yfir hindranir**

Hætta á falli, veltu

- ▶ Keyrið ekki í halla eða brekkum þar sem hallamál er **meira en 9° upp í móti og 10° niður í móti**.
- ▶ Minnkið sætishalla (í hlutlausu, lárétta stöðu sætisins) áður en keyrt er í halla eða yfir hindranir. Hægt er að halla sætinu lítilllega aftur á bak þegar keyrt er niður í móti.
- ▶ Keyrið einungis stólnum í halla ef hægt er að ráða við hann með handafli.
- ▶ Keyrið að hindrunum þannig að rétt horn myndist og yfir þær í einni hreyfingu.
- ▶ Þegar stóllinn hvílir á afturdekkjunum skal halda notandanum upp að baki stólsins.
- ▶ Forðist að setja notandann í stólinn og færa hann úr honum í halla og brekkum.

VIÐVÖRUN**Keyrt í stiga og yfir hindranir**

Áhætta á falli, veltu

- ▶ Farið einungis upp eða niður stiga eða yfir hindranir með aðstoð annarra hjúkrunaraðila.
- ▶ Notið tiltækan búnað (t.d. rampa eða lyftur).
- ▶ Farið aldrei í lyftur ef notandinn er í hjólastólum.

⚠ VIÐVÖRUN**Hjúkrunaraðilar lyfta stólnum rangt upp**

Hætta á falli, veltu

- ▶ Haldið einungis um fasta íhluti (t.d. undirgrind, ökuhandföng).
- ▶ Tryggið að festihandföngin á hæðarstillanlegu ökuhandföngunum séu vel föst.

⚠ VIÐVÖRUN**Röng notkun hjúkrunaraðila á veltivörn**

Fall, velta aftur á bak

- ▶ Tryggið að veltivörn sé virk áður en keyrt er yfir hindranir (niðurtekna kantsteina) og í brekkum. Vera má að þörf sé á mjög miklu eða óviðráðanlega miklu handafli þegar veltivörnin er ekki virk, eftir sætisstillingu og þyngdarmiðju.
- ▶ Tryggið að hljóð heyrst þegar veltivörnin er gerð virk áður en hún er notuð. Tryggið að hún sé vel föst.
- ▶ Gerið veltivörnina óvrika áður en farið er upp á háar gangstéttarbrúnir eða stigaprep til að hún rekist ekki í hindranir og skemmist.
- ▶ Ef nauðsynlegt er að stilla veltivörnina skal hafa samband við þjálfað starfsfólk sem aðlagði hjólastólinn.

Hættur vegna rangs loftþrýstings/gallaðra hjólbarða**⚠ VARÚÐ****Rangur loftþrýstingur**

Hætta á að notandinn detti, að keyrsla sé óviðráðanleg, að hjólbarðar springi

- ▶ Viðhaldið nægum loftþrýstingi. Farið ekki fram yfir hámarksþrýsting þegar pumpað er í hjólbarðana (sjá kaflann "Tæknilegar upplýsingar").
- ▶ Notið hjólastólinn ekki ef of lítið/of mikið loft er í dekkjunum eða ef loftþrýstingur er ekki sá sami báðumegin.
- ▶ Athugið að ef lítið loft er í öðru dekkinu getur verið erfitt að stjórna hjólastólnum.
- ▶ Lítil loftþrýstingur í afturdekkjum getur dregið úr hemlunargetu hjólabremsunnar.

⚠ VARÚÐ**Gallaðir hjólbarðar**

Hætta á slysum/falli vegna lítillar dráttargetu, minnkaðrar hemlunargetu eða skorti á stjórngetu

- ▶ Tryggið að mynstrið á dekkjunum sé nógu djúpt.
- ▶ Tryggið að stilling hjólabremsunnar sé rétt (u.þ.b. **5 mm** frá dekkjunum, með tilliti til tæknilegra breytinga).

Hættur varðandi opin sár**⚠ VARÚÐ****Snerting við opin sár í langan tíma**

Roði og för á húð

- ▶ Áður en hjólastóllinn er notaður skal athuga hvort sár séu á þeim líkamspörtum sem verða fyrir mestum þrýstingi (t.d. þjóhnöppum, baki og aftanverðum lærum).
- ▶ Framleiðandi ber enga ábyrgð á meiðslum sem orsakast vegna snertingar stólsins við opin sár.

Hættur vegna elds, hita og kulda**⚠ VARÚÐ****Það kviknar í sætispúðum, tróði og áklæðum**

Brunasár

- ▶ Þó svo sætispúðar, tróð og áklæði séu ekki mjög eldfim getur kviknað í þeim. Hafið því mikla aðgát nálægt öllum opnum eldi eða neistum.
- ▶ Haldið fjarri öllum eldgjöfum, sérstaklega logandi sígarettum.

VARÚÐ**Mjög mikill hiti eða kuldi**

Hætta á ofkælingu eða brunasára vegna íhluta eða bilaðra íhluta

- ▶ Látið hjólastólinn ekki vera í mjög miklum hita eða kulda (t.d. í beinu sólarljósi, gufubaði, mjög miklu frosti).

Hættur sem skapast vegna rangrar notkunar hjólastólsins**ÁBENDING****Notkun við röng umhverfisskilyrði**

Hætta á að stóllinn skemmist

- ▶ Notið hjólastólinn ekki í söltu vatni.
- ▶ Forðist að sandur eða önnur óhreinindi komist í snertingu við hjólalegur og læsikerfi ef mögulegt er.

ÁBENDING**Ofhleðsla**

Skemmdir á hjólastólum vegna mistaka notandans








- ▶ Farið ekki fram yfir hámarksburðargetu (sjá kaflann "Tæknilegar upplýsingar").
- ▶ Vinsamlegast athugið að allir valkostir og aukahlutir munu minnka burðargetu hjólastólsins.

ÁBENDING**Slit á sætisþúðum, tróði og áklæði**

Hætta á að stóllinn skemmist

- ▶ Skiptið tafarlaust um sætisþúða, tróð og áklæði ef þau hafa skemmst eða slitnað.

3.4 Upplýsingamiði

Merki	Skilgreining
 <p>ottobock  </p> <p>A Discovery Tmax</p> <p>B 470G22=0000 K C Zuladung max.XX KG/XXX LB</p> <p>Otto Bock Mobility Solutions GmbH Lindenstr. 13 - 07426 Königsee/Germany Made in Germany - www.ottobock.com</p> <p>SN  </p> <p>E JJJJWWKKXXX 3</p>	<p>A Tegundarheiti</p> <p>B Vörunúmer framleiðanda</p> <p>C Hámarksburðargeta (sjá kaflann "Tæknilegar upplýsingar")</p> <p>D Upplýsingar/aðsetur/land framleiðanda</p> <p>E Raðnúmer</p> <p>F Evrópskt vörunúmer/GTIN-númer</p> <p>G Lesið notkunarleiðbeiningarnar áður en varan er notuð.</p> <p>H CE-merki – vöruöryggi í samræmi við viðmiðunarreglur ESB</p>
	Vísir um hallagráðu sætis °
	<p>(á einungis við um stóla sem búnir eru festitengikerfi)</p> <p>Festitengikerfi til að festa stólinn í sérútbúin farartæki fyrir hjólastóla</p>

4 Afhending**4.1 Afhendingarpakki**

Í flestum tilvikum er búið að setja hjólastólinn saman og fjarlægja afturhjólin (þegar um er að ræða stóla búna smellitengi). Afhendingarpakkin inniheldur:

- Hjólastól sem búið er að setja saman
- Tvö afturhjól (skrúfuð eða smellt á)

- Fótahvílur
- Notkunarleiðbeiningar (fyrir notanda)

Þjálfað starfsfólk sem sér um afhendingu hjólastólsins mun festa sætisskelina/sætiskerfið á stólinn á afhendingarstaðnum.

4.2 Staðalbúnaður

Staðalbúnaður inniheldur:

- Stillanlega undirgrind
- Sætisgrind sem hægt er að hallastilla
- Stillanlegt bak
- Ökuhandföng
- Fótahvílur
- Hliðarplötur
- Afturhjól
- Stillanlegt millistykki fyrir hjól
- Framhjól með gaffli og götuðum öxli
- Hjólabremsa

4.3 Valkostir

Vera má að grunnbúnaður hafi verið aðlagður að þörfum notandans með því að bæta við valkostum. Notkun þessara valkosta má sjá í kaflanum "Notkun".

4.4 Geymsla

Hjólastólinn skal geyma á þurrum stað. Stofuhita verður að viðhalda á milli -10°C and $+40^{\circ}\text{C}$.

Ef stóllinn er búinn pólýúretan-hjólborðum og er geymdur í langan tíma skal losa hjólabremsuna þar sem hjólbarðarnir geta afmyndast.

Upplýsingar um hjólbarða

- Hjólbarðarnir innihalda efni sem geta hvarfast í snertingu við önnur efni (s.s. hreinsiefni, sýrur o.s.frv.).
- Líftími hjólbarðanna minnkar ef þeir eru í beinu sólarljósi eða í snertingu við útfjólubláa geisla. Mynstur þeirra harðnar og hornin á mynstrinu snúast upp á við.
- Forðist að geyma stólinn of mikið utandyra. Skiptið hjólborðunum út á tveggja ára fresti án tillits til slits.

5 Undirbúningur fyrir notkun

5.1 Samsetning

⚠ VARÚÐ

Ef hjólastóllinn er ekki sannprófaður áður en hann er notaður

Áhætta á veltu, falli

- ▶ Áður en hjólastóllinn er notaður í fyrsta sinn skal athuga stillingarnar sem valdar voru fyrir stólinn með aðstoð þjálfaðs starfsfólks.
- ▶ Tryggið að afturhjólin passi vel með notkun hraðtengisins í hvert skipti sem þau eru sett á stólinn. Hraðtengiöxlarnir eiga að vera vel fastir í millistykkinu fyrir hjólin.
- ▶ Athugið þyngdarmiðju sætisins. Sætið á að vera stillt þannig að hægt sé að stilla sætið auðveldlega þegar stigið er á læsifótstig sætisstillingar. Hafið samband við þjálfað starfsfólk ef þess er þörf.
- Ef þyngdarmiðja er of framarlega gæti notandinn dottið fram fyrir sig þegar sætinu er hallað.
- Ef þyngdarmiðja er of aftarlega gæti notandinn dottið aftur fyrir sig þegar sætinu er hallað.
- ▶ Athugið sérstaklega veltimótstöðu, hvort hjólin snúist hindranalaust og hvort hemlarnir bremsi vel.
- ▶ Ef stóllinn er búinn loftfylltum hjólborðum skal athuga loftþrýstinginn. Til að fá upplýsingar um réttan þrýsting í hjólborðum skal sjá kaflann "Tæknilegar upplýsingar". Tryggið að sami þrýstingur sé í báðum hjólborðum.
- ▶ Tryggið að stillingar hjólabremsunnar séu réttar (í **u.þ.b. 5 mm** fjarlægð frá hjólbarðanum, með tilliti til tæknilegra breytinga).

UPPLÝSINGAR

Til að fá upplýsingar um sundurhlutun/flutning stólsins skal sjá kaflann "Sundurhlutun/flutningur".

Til að undirbúa hjólastólinn fyrir notkun er nóg að fylgja nokkrum einföldum skrefum eftir.

- 1) Ef stóllinn er búinn hjólum með smellitengi skal renna afturhjólunum inn í hjólatengin á millistykkjunum fyrir hjólin (sjá mynd 57, sjá mynd 58). Ekki á að vera hægt að fjarlægja hraðtengiöxlana eftir að hnappinum hefur verið sleppt.
- 2) Setjið fótahvílurnar í festistykkin á rorum framgrindarinnar (sjá blaðsíðu°25).
- 3) Setjið veltivörnina í virka stöðu (hjól veltivarnarinnar snúa niður á við):
 - Ýtið aftari láspinnanum inn (sjá mynd 6).
 - Setjið veltivörnina í (sjá mynd 7).
 - Sleppið láspinnanum. Fremri láspinninn á að verða virkur með smelli. Athugið hvort láspinninn hafi fest án þess að snerta neitt.
 - Til að gera veltivörn virka/óvirka sjá blaðsíðu°31.
- 4) Festing sætisskeljar/sætakerfis:
 - Ottobock Shape System: er sett upp fyrir afhendingu af þjálfuðu starfsfólki sem aðlagði hjólastólinn.
 - Sessa: sætispúðinn er festur til að hann renni ekki. Honum er ýtt að krókafestingunum.
 - Sætakerfi frá öðrum framleiðendum: er sett upp í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir af þjálfuðu starfsfólki.

⚠ VIÐVÖRUN

Röng uppsetning á sætakerfum frá þriðja aðila

Hætta á falli, veltu, alvarlegum meiðslum


- ▶ Rétt uppsetning á sætakerfi frá þriðja aðila er einungis á ábyrgð þjálfaðs starfsfólks sem afhendir fylgihlutinn. Þjálfað starfsfólk verður að ljúka við uppsetningu samkvæmt verklýsingum framleiðandans. Ottobock afsalar sér allri ábyrgð ef vandamál koma upp varðandi sætakerfi frá þriðja aðila.



4



5



6



7

6 Notkun

6.1 Aðferðir við notkun hjólastóls

UPPLÝSINGAR

Vinsamlegast lesið einnig öryggisleiðbeiningar í kafla 3.3 áður en stóllinn er notaður.

Upplýsingar og verklegar ábendingar um grunnaðferðir við notkun hjólastólsins er hægt að fá í bæklingnum "Aðferðir við notkun hjólastóls" sem fylgir með hjólastólnum.

Ef bæklingurinn fylgir ekki með stólnum er hægt að panta hann með pöntunarnúmerinu 646D60. Nánari upplýsingar um hvernig hægt er að fá bæklinginn er að fá hjá þjálfuðu starfsfólki sem afhendir hjólastólinn eða hjá Ottobock Service (aðsetur: sjá innan- eða utanverða bakkápu).

6.2 Farið í stólinn/flutningur

⚠ VIÐVÖRUN

Vanræksla á umsjón

Áhætta á veltu, falli

- Skiljið notandann aldrei eftir einan þó svo að öryggisbeltin séu spennt og hjólabremsan virk.

⚠ VARÚÐ

Skortur á reynslu við að setja notandann í stólinn

Velta eða fall úr sætisskel/sætakerfi

- Fáíð ávallt aðstoð frá öðrum aðila þegar hjólastólnum er komið fyrir í farartæki og hann fluttur.
- Þegar hjólastóllinn er settur í farartæki og hann fluttur skal gera hjólabremsuna virka.

⚠ VARÚÐ

Röng notkun fótahvíla/fótaplata

Áhætta á falli, veltu

- Lyftið fótahvílunum upp áður en farið er í hjólastólinn.
- Ef fótaplötur eru tvískiptar skal tryggja að þær séu í sömu hæð.
- Þegar fótahvílurnar læsast á að heyrast hljóð.

⚠ VARÚÐ

Röng notkun framhjóra

Áhætta á falli, veltu

- Áður en hjólastóllinn er settur í farartæki skal láta framhjólin vísa fram á við til að auka stöðugleika stólsins.

⚠ VARÚÐ

Brotskemmdir á burðarhlutum vegna ofhleðslu

Fall, velta, meiðsli vegna skemmda á hemlum

- Burðarþyngd má ekki fara yfir hámarksburðargetu (sjá kaflann "Tæknilegar upplýsingar").

⚠ VARÚÐ

Skortur á stöðugleika vegna aukþyngdar sem sett er á stólinn

Velta eða fall af sætisskel/sætakerfi, brotskemmdir á burðarhlutum



- Festið ekki aukahluti við grindina, krossrammann eða sætið.

Hér að neðan er greint frá hvernig setja/flytja á notandann í stólinn.

Hjólastóllinn er hannaður fyrir einstaklinga sem geta ekki sest í hann án aðstoðar. Þess vegna er talað um aðstoðarmann þegar þessu ferli er lýst.

- 1) Færið hjólastólinn eins nálægt stólnum/rúminu og hægt er.
- 2) Gerið hjólabremsur hjólastólsins virkar (sjá mynd 8).
- 3) Brettið fótaplöturnar upp og snúið þeim út á við ef þess er þörf (sjá mynd 43, sjá mynd 44).
- 4) Setjið sætið í upprétta stöðu.
- 5) Setjið viðkomandi í hjólastólinn þannig að hann fari beint í hann:
 - **UPPLÝSINGAR: Finnið til þess hentugustu aðferðina með því að æfa með notandanum. Ef hægt er skal nota flutningshjálpa (lyftikerfi, flutningsbretti).**
 - Ef notandinn er ekki nógu líkamlega hæfur vegna fötlunar sinnar er nauðsynlegt að hjúkrunaraðili aðstoði hann.
 - Vera má að notandinn geti haldið í armhvíluna eða grindina og togað sig í stólinn sjálfur eða hjálpað til við flutninginn (sjá mynd 11, atriði 1–3).

- 6) Brettið fótaþlötunnar niður, setjið fætuna á fótaþlötunnar og festið þá ef þess er þörf.
 7) Losið hjólabremsurnar.
 → Hjólastóllinn er tilbúinn til notkunar.



6.3 Notkunarupplýsingar

⚠ VARÚÐ

Óleyfilegar breytingar á hjólastólum

Áhætta á veltu, falli

- ▶ Fyrir allar breytingar á stillingum sem ekki er lýst í þessum notkunarleiðbeiningum skal hafa samband við þjálfað starfsfólk sem aðlagaði stólinn.
- ▶ Notendum eða hjúkrunarfólki er ekki ætlað að fjarlægja/festa íhluti hjólastólsins.

6.3.1 Sæti/sætakerfi

6.3.1.1 Notkun breytilegra sætakerfa

Hjólastóllinn er hægt að nota með breytilegum sætakerfum:

- Ottobock Shape System: sætisskel búin sæti sem aðlagast að líkamanum
- Sætisbotn fyrir sætispúða til notkunar með Ottobock-baki, t.d. The Back, Backster (sjá mynd 12)
- Leckey KIT eða Leckey Mygo sætakerfi (sjá mynd 13)
- Sætakerfi/bak frá öðrum framleiðanda (Ottobock afsalar sér allri ábyrgð í slíkum tilfellum: sjá blaðsíðu°37).

Þjálfað starfsfólk stillir/aðlagar allar stillingar sætakerfisins í samræmi við þarfir notandans þegar hjólastóllinn er afhentur.

Þegar notandinn fær hjólastólinn, sýnir þjálfað starfsfólk honum hvernig hann á að nota sætakerfið sem hann valdi.



6.3.1.2 Hallastilling sætis/sætakerfis

⚠ VARÚÐ




Röng aðferð við hallastillingu sætis

Velta eða fall úr sætisskel/sætakerfi

- ▶ Áður en hallastilling er framkvæmd (stilling á hallagráðu sætis) með notanda í stólnum, skal framkvæma hana á auðum stól.
- ▶ Framkvæmið ávallt hallastillingu sætis á jafnsléttu og harðri grund.
- ▶ Gerið veltuvörn ávallt virka áður en hallastilling sætis er framkvæmd (stilling á hallagráðu sætis).
- ▶ Minnkið halla sætisins (lárétt, hlutlaus staða sætis) áður en stólinn er keyrður í halla eða yfir hindranir. Ráðlagt er að halla sætinu örlítið aftur á bak ef stólnum er ekið niður halla.
- ▶ Keyrið einungis stólnum í halla ef hægt er að ráða við hann með handafli.
- ▶ Notið aldrei hemlafótstigið til að stilla sætishalla á óviðráðanlegan hátt.
- ▶ Þegar stigið er á hemlafótstig skal halda við notandann til að hann detti hvorki fram né aftur fyrir sig. Haldið fast um ökuhandföng þegar stigið er á læsifótstigið þar til heyrst að stillingarkerfið hafi fest báðu megin.
- ▶ Setjið hendurnar ekki inn í stillingarkerfið þegar hallastillingu er breytt.

Sætið er hægt að stilla í -5° til $+50^\circ$ með $2,5^\circ$ aukningu (sætishalli):

- 1) Takið um ökuhandföngin/ökuslána (sjá mynd 14).
- 2) Losið hemlafótstigið (sjá mynd 15, atriði 1) með fætinum. Ýtið á lásbúnaðinn þar til hann stöðvast.
- 3) Ýtið á hemlafótstigið (sjá mynd 15, atriði 2) til að losa lásbúnaðinn.
- 4) Setjið sætið í þann halla sem óskað er eftir með því að færa ökuhandföngin/ökuslána (sjá mynd 16). Hægt er að sjá hallagráðuna með því að lesa af hallavísinum á gataröðinni.
- 5) Þegar hemlafótstiginu er sleppt verður lásbúnaðurinn virkur sjálfkrafa.
UPPLÝSINGAR: Hlustið eftir hljóðinu þegar hann verður virkur. Ef þess er þörf skal færa ökuhandföngin/ökuslána aðeins upp og niður til að samstillast lásbúnaðinn og til að læsipinnarnir hvoru megin festist rétt í götunum.
- 6) Tryggið að hemlafótstigið sé læst með því að stíga laust á það.
- 7) Athugið hvort læsipinnarnir séu fastir án þess að snerta neitt.
 - Læsipinnarnir eiga að standa örlítið út úr gataplötunni (sjá mynd 17, atriði 1).
 - Læsipinnarnir eiga að vera í sömu hallagráðu báðumegin.



Hallatakmarkari

Vera má að þjálfað starfsfólk hafi sett upp hallatakmarkara á hallastillinguna vegna læknisfræðilegra ástæðna. Þetta takmarkar hámarkshalla sem hjúkrunaraðilinn getur sett sætið í.

Einungis þjálfað starfsfólk hefur leyfi til að breyta þessari stillingu.

6.3.1.3 Hallastilling baks

VARÚÐ

Breytingar á þyngdarmiðju eftir hallastillingu baks


Notandinn getur dottið úr stólnum

- Eftir hverja breytingu á bakhallagráðu skal athuga stöðugleika hallans. Til að gera þetta skal halda stólnum með báðar hendur á ökuhandföngunum.

Hægt er að stilla bakpúðann eftir þörfum með notkun eftirfarandi valkosta:



Bak með gyrði og stillanlegri hallagráðu

- 1) **Ef þess er þörf** skal fjarlægja öryggisklemmurnar á hvorri hlið (sjá mynd 18).
- 2) Togið í festiól bakstoðarinnar (sjá mynd 19).
- 3) Hallið bakstoðinni fram eða aftur (sjá mynd 20) og setjið í einhverja af fjórum stöðunum (sjá mynd 19).
- 4) Sleppið ólinni.
UPPLÝSINGAR: Báðir láspinnarnir eiga að smellast heyrnlega í eitthvert af fjórum götunum.
- 5) Tryggið að bakstoðin sé föst með því að ýta stuttlega á hana nokkrum sinnum.
- 6) Tryggið að báðir láspinnarnir séu í sömu hallagráðu báðumegin án þess að snerta nokkuð.
- 7) **Aðeins nauðsynlegt ef hjólastólabíll er notaður:** setjið öryggisklemmurnar í götin báðu megin (sjá mynd 21).
VIÐVÖRUN! Hafið ávallt bakhallagráðu í 90° þegar hjólastóllinn er fluttur í hjólastólabíl.



Bak með stillanlegri hallagráðu og pinna

- 1) Ýtið á pinnana á báðum afturrörum (sjá mynd 22, atriði 1) og togið þá út (sjá mynd 22, atriði 2).
- 2) Færið afturrörin fram eða aftur eða leggið þau algerlega niður (sjá mynd 22, atriði 3).
- 3) Setjið pinnana aftur í bæði afturrörin:
 - Ýtið pinnanum inn (sjá mynd 23, atriði 1).
 - Ýtið pinnanum inn þar til hann stöðvast (sjá mynd 23, atriði 2).
 - Sleppið pinnanum.
- 4) Tryggið að pinnunum hafi verið ýtt inn báðumegin:
 - Ekki er hægt að fjarlægja pinnana eftir að hnappinum hefur verið sleppt.
 - Pinnarnir eiga að vera í sömu hallagráðu báðumegin.



6.3.1.4 Festing/fjarlæging sætisskeljar/sætakerfis

Sætakerfi með sætisbotni

Sætisskelin/sætakerfið er fest á hjólastólinn af þjálfuðu starfsfólki og í samræmi við þarfir notandans. Notendum eða hjúkrunarfólki er ekki ætlað að fjarlægja eða festa sætisskelina/sætakerfið.

UPPLÝSINGAR





- Ef talið er að nauðsynlegt sé að fjarlægja sætakerfið (t.d. til að flytja hjólastólinn) skal hafa samband við þjálfað starfsfólk sem aðlagði stólinn.

Sætakerfi með Mygo millistykki

Mygo (sjá mynd 13) og KIT (ekki sýnt) sætakerfin er hægt að taka af Mygo millistykkinu eða festa þau á það í nokkrum einföldum skrefum.




Fjarlæging sætakerfis

- 1) Standið til hliðar við sætakerfið og haldið í bakið með annarri hendinni.
 - 2) Losið sætislásinn undir sætissamstæðunni. Þetta skal gera með því að toga í láspinnann og snúa honum um 90° þannig að hann haldist opinn (sjá mynd 24).
 - 3) Togið handfangið undir sætissamstæðunni upp (sjá mynd 25).
 - 4) Ýtið sætisbakinu fram (sjá mynd 26).
 - 5) Togið festikrókinn á stoð sætisskeljarinnar úr röri millistykkisins (sjá mynd 27).
- Sætið hefur verið fjarlægt.



Festing sætakerfisins

- 1) Standið til hliðar við sætakerfið og haldið í bakið með annarri hendinni.
 - 2) Setjið festikrókinn á röri millistykkisins undir sætissamstæðuna, við afturhluta hennar (sjá mynd 27).
 - 3) Ýrið framhluta sætisins niður þar til það leggst á framrör millistykkisins (sjá mynd 28).
 - 4) Togið handfangið undir sætissamstæðunni upp (sjá mynd 25).
 - 5) Ýtið sætissamstæðunni niður þar til hún festist heyrnlega (sjá mynd 29).
 - 6) Lokið sætislásnum undir sætissamstæðunni. Þetta skal gera með því að snúa láspinnanum um 90° þar til hann festist (sjá mynd 30).
Tryggið að pinninn hafi læst á réttan hátt án þess að snerta neitt.
 - 7) Tryggið að sætissamstæðan sé vel fest með því að ýta stuttlega á hana nokkrum sinnum.
- Sætið er fast.



Sætakerfi með ferhyrnu millistykki

Ottobock býður upp á ferhyrnt millistykki til notkunar með sætakerfum frá þriðja aðila.

Neðri hluta millistykkisins (sjá mynd 31) er búið að festa á sætisbotninn. Efri hlutinn (sjá mynd 33, atriði 1) er staðsettur undir sætakerfinu (sjá mynd 33, atriði 3).




Hægt er að fjarlægja sætakerfin eða festa þau við ferhyrnda millistykkið í nokkrum einföldum skrefum.

Fjarlæging sætakerfis

- 1) Standið til hliðar við sætakerfið og haldið í bakið með annarri hendinni.
 - 2) Togið læsihnað neðri hlutans niður á við (sjá mynd 32, atriði 1). Lásboltinn losnar frá millistykkinu.
 - 3) Um leið og þetta er gert skal renna sætissamstæðunni fram á við og fjarlægja hana (sjá mynd 32, atriði 2).
- Sætið hefur verið fjarlægt.

Festing sætakerfisins

- 1) Setjið sætissamstæðuna (sjá mynd 33, atriði 3) á neðri hlutann. Rennið efri hlutanum (sjá mynd 33, atriði 1) upp á neðri hlutann framan frá (sjá mynd 33, atriði 4).
 - 2) Rennið sætissamstæðunni aftur á bak þar til lásbolti neðri hlutans festist heyrnlega. Tryggið að pinninn hafi læst á réttan hátt án þess að snerta neitt.
 - 3) Tryggið að sætissamstæðan sé föst með því að ýta stuttlega á hana og renna henni fram á við.
- Sætið er fast.



6.3.1.5 Notkun þverslár með bakstili

Ef þverslár með bakstili fyrir bók sætisskelja er notuð, er hægt að hallastilla bók sætisskelja á sjálfstæðan hátt.

- 1) Losið festiskrúfuna (sjá mynd 34).
- 2) Snúið bakstili þverslárinnar (sjá mynd 35).
- 3) Herðið festiskrúfuna vel (sjá mynd 34).



6.3.2 Hliðarplötur

VARÚÐ

Hendur klemmast í hliðarplötum

Hætta á að hendur klemmist eða kremjst

► Gætið þess að líkamspartar klemmist ekki í hliðum eða grind.

6.3.2.1 Hæðarstilling armhvílu

Hefðbundin armhvíla

Hæð armhvílunnar er einungis hægt að stilla á mismunandi hátt með skrúfjárni.

- 1) Ýtið klinkunni inn með skrúfjárninu (sjá mynd 36).
- 2) Stillið armhvíluna.
UPPLÝSINGAR: Setjið armhvíluna ekki fyrir ofan hæstu klinkustöðuna.
- 3) Látið klinkuna festast.
- 4) Tryggið að armhvílan/læsikerfið sé vel fest.

Armhvíla með hæðarstillingu

Hægt er að stilla hæð armhvílnnar eftir óskum án notkun verkfæra.

- 1) Togið læsistöngina í kringlótta gatinu á hliðarplötunni upp innan frá (sjá mynd 37).
- 2) Setjið armhvíluna í þá stöðu sem óskað er eftir.
- 3) Sleppið láspinnanum. Armhvílan festist sjálfkrafa.
- 4) Tryggið að armhvílan/læsikerfið sé vel fest.
UPPLÝSINGAR: Ef þess er þörf skal ýta armhvíluinni lítillega upp eða niður þar til hún festist heyrnlega.

UPPLÝSINGAR

Til að auðveldara sé að setja notandann í hjólastólinn er hægt að fjarlægja armhvíluna.



6.3.2.2 Stilling framhandleggspúða með snúningsás

UPPLÝSINGAR

Eftir að hafa stillt snúningsásinn skal tryggja að láspinnarnir hafi fest á réttum stað.

Með snúningsásnum er hægt að stilla stoðhalla og snúningsgráðu framhandleggspúða sjálfstætt.

Hallastilling stuðningspúða


- 1) Togið láshnappinn út (sjá mynd 38, atriði 1).
- 2) Lyftið framhandleggspúðanum upp að framanverðu og stillið í óskaða hæð (sjá mynd 38, atriði 2).
- 3) Sleppið láshnappinum. Framhandleggspúðinn festist í þeirri stöðu sem hann er í.

Snúningsstilling í 15° þrepum

- 1) Togið láshnappinn niður (sjá mynd 39, atriði 1).
- 2) Setjið framhandleggspúðann í stöðuna sem óskað er eftir (sjá mynd 39, atriði 2).
- 3) Sleppið láshnappinum. Framhandleggspúðinn festist í þeirri stöðu sem hann er í.

Samfelld snúningsstilling

- 1) Togið láshnappinn niður (sjá mynd 39, atriði 1).
- 2) Snúið láshnappinum um 90° (ekki sýnt). Í þessari stöðu er hægt að snúa framhandleggspúðanum að vild.
- 3) Setjið framhandleggspúðann í stöðuna sem óskað er eftir (sjá mynd 39, atriði 2).
- 4) Sleppið láshnappinum. Framhandleggspúðinn festist í þeirri stöðu sem hann er í.



6.3.3 Ökuhandföng/ökuslár

6.3.3.1 Stilling ökuslár

Hægt er að stilla hæð ökuslár hjólastólsins til að auðveldara sé fyrir hjúkrunaraðilann að ýta hjólastólnum.

- 1) Lyftið festipinnunum á hægri/vinstri hlið upp.
- 2) Stillið hæð ökuslárinnar.
- 3) Ýtið festipinnunum á hægri/vinstri hlið fast niður.




6.3.3.2 Stilling hæðarstillanlegra ökuhandfanga

Hægt er að stilla hæð hæðarstillanlegra ökuhandfanga til að auðveldara sé fyrir hjúkrunaraðilann að ýta hjólastólnum.

- 1) Lyftið festipinnanum upp (sjá mynd 42, atriði 1).
- 2) Stillið hæð ökuhandfangsins.
- 3) Ýtið festipinnanum aftur fast niður.

UPPLÝSINGAR: Bæði ökuhandföngin eiga að vera stillt í sömu hæð.



6.3.3.3 Notkun fastra ökuhandfanga

Hægt er að setja föst ökuhandföng á hjólastólinn. Þau eru fánleg í tveimur stærðum. Þjálfað starfsfólk sá um val ökuhandfanganna þegar hjólastóllinn var pantaður.

6.3.4 Fótahvílur

⚠ VARÚÐ

Röng notkun fótahvíla/fótaplata

Áhætta á falli, veltu

- ▶ Lyftið fótahvílunum upp áður en farið er í hjólastólinn.
- ▶ Ef fótaplötur eru tvískiptar skal tryggja að þær séu í sömu hæð.
- ▶ Þegar fótahvílurnar læsast á að heyrast hljóð.

⚠ VARÚÐ

Röng stilling fótahvíla/fótaplatna

Áhætta á falli, veltu

- ▶ Eftir að stillingum fótahvíla/fótaplatna hefur verið breytt skal tryggja að fótahvílurnar/fótaplötturnar hindri ekki framhjólín við mismunandi sætishalla (hallagráða sætis). Lágmarksbil á milli fótahvílu/fótaplötu og framhjólins á að vera **25 mm**.
- ▶ Athugið að í sumum stillingum fótaplatnanna geta fótaplöturnar hindrað framhjólín.

Hægt er að setja fætur notandans á fótahvílurnar.

Þjálfað starfsfólk er búið að hæðarstillast fótahvílurnar í samræmi við fótleggjalengd notandans. Aðeins þjálfað starfsfólk hefur leyfi til að framkvæma breytingar eftir afhendingu.

Þjálfað starfsfólk er búið að hallastilla fótaplötturnar til að ökkarnir séu í þægilegri stöðu.

6.3.4.1 Fjarlæging/festing fótahvíla



Fjarlæging hefðbundinna fótahvíla

- 1) **Ef þess er þörf:** losið kálfabandið og takið það úr festistykkinu (sjá mynd 47).
- 2) Brettist fótaplötuna upp (sjá mynd 51).
- 3) Losið fótahvílulásinn (sjá mynd 9).
- 4) Snúið fótahvílunni út á við um 90° (sjá mynd 10).
- 5) Togið fótahvíluna upp og fjarlægjið hana.



Festing hefðbundinnar fótahvílu

- 1) Rennið fótahvílunni frá ofanverðu inn í festistykkið á röri framgrindarinnar (sjá mynd 45). Fótahvílan á að vísa 90° út á við.
- 2) Snúið fótahvílunni þar til hún festist (sjá mynd 46).
- 3) Fellið fótahvíluna niður (sjá mynd 51).
- 4) **Ef þess er þörf:** setjið kálfabandið í festistykkið (sjá mynd 47, atriði 1) og stillið lengd kálfabandsins. Til að gera þetta skal opna/stilla/loka krækilykkjunni (sjá mynd 47, atriði 2).



Fjarlæging hæðarstillanlegrar fótahvílu

Hæðarstillanleg fótahvíla (úr málm)

- 1) Lyftið fótahvílunni upp (sjá mynd 48, atriði 1).
- 2) Togið fótahvíluna upp og fjarlægðið hana.

Hæðarstillanleg fótahvíla (úr plasti)

- 1) Ýtið á handfangið til að losa fótahvíluna (sjá mynd 49, atriði 1).
- 2) Snúið fótahvílunni í minnsta lagi um 30° út á við (sjá mynd 49, atriði 2) þar til hægt er að fjarlægja hana.
- 3) Togið fótahvíluna upp og fjarlægðið hana.

Festing hæðarstillanlegrar fótahvílu

Hæðarstillanleg fótahvíla (úr málm)

- 1) Setjið fótahvíluna beint á millistykki fótahvílunnar að ofanverðu (sjá mynd 48, atriði 2).
- 2) Ýtið fótahvílunni niður þar til hún festist.

Hæðarstillanleg fótahvíla (úr plasti)

- 1) Haldið fótahvílunni í þannig að hún sé a.m.k. 30° út á hliðina (sjá mynd 49, atriði 2) og stingið snúningslegunni inn í millistykki fótahvílunnar (sjá mynd 50, atriði 1).
- 2) Snúið fótahvílunni í stefnuátt þar til hún festist (sjá mynd 49, atriði 3).



6.3.4.2 Fótastoðum/fótaplötum flett upp

Hægt er að fletta fótastoðunum eða fótaplötunum upp til að auðveldara sé fyrir notandann að komast í hjólastólinn.

Hefðbundnar/fjölhæfar fótahvílur úr málm





Takið um fótahvíluna og brettið hana upp (sjá mynd 51).

Fótahvíla fyrir miðju

Brettið fótaplötturnar upp að miðju (sjá mynd 52).

Heil fótaplata

Haldið um framhlið fótaplötunnar fyrir miðju og brettið hana upp að miðju (sjá mynd 53, sjá mynd 54).



6.3.4.3 Hallastilling fótahvílu

Hefðbundin fótahvíla



Aðeins þjálfað starfsfólk hefur leyfi til að framkvæma breytingar eftir afhendingu.

Hæðarstillanleg fótahvíla (úr plasti)

- 1) Snúið læsihandfanginu til að lyfta fótahvílunni upp eða láta hana síga (sjá mynd 55, atriði 1).
Setjið ekkert á fótahvíluna þegar þetta er gert til að koma í veg fyrir að gangverkið skekkist eða festist.
 - 2) Um leið og þetta er gert skal snúa fótahvílunni í þá stöðu sem óskað er eftir (sjá mynd 55, atriði 2).
 - 3) Snúið láspinnanum aftur niður á við (sjá mynd 55, atriði 3).
- Fótahvílan mun festast í næstu lausu stöðu sjálfkrafa.

Hæðarstillanleg fótahvíla (úr málm)

- 1) Ýtið láspinnanum niður (sjá mynd 56, atriði 1).
 - 2) Um leið og þetta er gert skal snúa fótahvílunni í þá stöðu sem óskað er eftir (sjá mynd 56, atriði 2).
 - 3) Sleppið láspinnanum.
- Fótahvílan mun festast í næstu lausu stöðu sjálfkrafa.



6.3.5 Hjól

⚠ VARÚÐ

Hætta á klemmu í hreyfanlegum hlutum

Hætta á að hendur klemmist eða kremjast

- ▶ Setjið ekki hendurnar á milli afturhjólsins og hjólabremsunnar þegar hjólastóllinn er keyrður.
- ▶ Setjið hendurnar ekki inn á milli afturhjólateinanna.

6.3.5.1 Fjarlæging/festing afturhjóla

Hægt er að fjarlægja afturhjól sem búin eru hraðtengi án verkfæra:

- 1) Setjið fingurna inn undir teinana, nálægt nöfinni (sjá mynd 4).
- 2) Ýtið með þumalfingrinum á hnapp hraðtengisins.
- 3) Fjarlægið/festið afturhjólið (sjá mynd 5). Ekki á að vera hægt að fjarlægja hraðtengið eftir að hnappinum hefur verið sleppt.

⚠ VARÚÐ

Röng festing hjóla sem hægt er að fjarlægja

Áhætta á að notandinn detti eða velti fram fyrir sig

- ▶ Tryggið að hjólin sem hægt er að fjarlægja séu rétt fest eftir að þau hafa verið sett á stólinn. Hraðtengiöxlarnir verða að vera vel festir í hjólatengjunum.



6.3.6 Bremsur

Hjólábremsurnar koma í veg fyrir að hjólastóllinn renni í burtu þegar hann er stöðvaður.

Bremsuskálarnar gera hjúkrunarfólki kleift að hægja á ferð hjólastólsins á auðveldan og öruggan hátt með því að gera hjólábremsurnar virkar.

6.3.6.1 Notkun hjólábremsunnar til að leggja hjólastólnum

⚠ VARÚÐ

Röng notkun hjólábremsu

Hætta á falli þegar bremsað er of harkalega, hjólastóllinn rennur í burtu, hendur kremjast

- ▶ Notið ekki hjólábremsunna sem aksturshemil.
- ▶ Virkið hjólábremsur beggja megin stólsins.
- ▶ Þegar stóllinn er stöðvaður á ósléttri grundu eða þegar hann er fluttur (t.d. í bíl) skal nota hjólábremsunna til að festa hjólastóllinn.
- ▶ Setjið ekki hendurnar á milli afturhjólsins og hjólábremsunnar þegar hjólastóllinn er keyrður.
- ▶ Tryggið að stilling hjólábremsunnar sé rétt (í u.þ.b. **5 mm** fjarlægð frá hjólbörðunum, með tilliti til tæknilegra breytinga) og að hjólbarðaprýstingur sé nægur.

⚠ VARÚÐ

Ónægileg hemlunargeta hjólábremsunnar

Hætta á slysum, falli

- ▶ Viðhaldið nægum loftþrýstingi í loftfylltu hjólbörðunum. Til að fá upplýsingar um réttan þrýsting í hjólbörðum skal sjá kaflann "Tæknilegar upplýsingar".

Þegar notandinn fer í og úr hjólastólnum og þegar stólnum er lagt á ójafnri grundu verða hjólábremsur beggja hjólanna að vera virkar.

a) Hjólábremsan gerð virk ("ýta í lás" gerðin)


- ▶ Ýtið handfangi hjólábremsunnar fram á við (sjá mynd 59).
- Hjólábremsupinninn festir hjólið.

a) Hjólábremsan losuð ("ýta í lás" gerðin)

- ▶ Ýtið handfangi hjólábremsunnar aftur á bak (sjá mynd 60).
- Hjólábremsupinninn losnar frá hjólinu.

UPPLÝSINGAR

Þegar um er að ræða "toga í lás" gerðina er hjólábremsan gerð virk/óvirk öfugt miðað við "ýta í lás" gerðina.



6.3.6.2 Stilling hjólabremsunnar

VARÚÐ

Ónægileg hemlunargeta hjólabremsunnar



Hætta á slysum, falli

- ▶ Viðhaldið nægum loftþrýstingi í loftfylltu hjólbörðunum. Til að fá upplýsingar um réttan þrýsting í hjólbörðum skal sjá kaflann "Tæknilegar upplýsingar".

Nauðsynlegt er að stilla hjólabremsuna ef dregið hefur úr hemlunargetu – t.d. ef hjólabremsupinninn er lengra en **5 mm** frá hjólbarðanum.



- 1) Losið festirærnar í raufinni á festiplötunni (sjá mynd 61, atriði 1).
- 2) Hægt er að stilla hjólabremsuna í samfelldri hreyfingu í raufinni (sjá mynd 61, atriði 2). Þegar hjólabremsan er tekin af, má bilið á milli hjólbarðans og hjólabremsunnar ekki vera meira en **5 mm** (sjá mynd 62).
- 3) Herðið festiróna vel.

UPPLÝSINGAR: Þegar búið er að stilla hjólabremsunnar eiga þær að hafa sömu hemlunargetu.



6.3.6.3 Notkun bremsuskálarinnar

- 1) Togið í hjólabremsuhandfangið (sjá mynd 64, atriði 1).
 - 2) Ef þess er þörf skal festa hjólabremsuhandfangið með því að gera festinguna virka (sjá mynd 64, atriði 2). Bremsur hjólastólsins eru virkar.
 - 3) Losið hjólabremsuna með því að ýta á bremsufestinguna (sjá mynd 64, atriði 2).
- Hægt er að losa afturhjólin sem búið eru hraðtengjum með notkun hraðtengjanna þó svo að hjólabremsuhandfanginu hafi verið sleppt (ekki sýnt).



6.3.7 Veltivörn

6.3.7.1 Veltivörn gerð virk/óvirik

⚠ VÍÐVÖRUN

Röng notkun hjúkrunaraðila á veltivörn

Fall, velta aftur á bak

- ▶ Tryggið að veltivörn sé virk áður en keyrt er yfir hindranir (niðurtekna kantsteina) og í brekkum. Vera má að þörf sé á mjög miklu eða óviðráðanlega miklu handafli þegar veltivörnin er ekki virk, eftir sætisstillingu og þyngdarmiðju.
- ▶ Tryggið að hljóð heyrst þegar veltivörnin er gerð virk áður en hún er notuð. Tryggið að hún sé vel föst.
- ▶ Gerið veltivörnina óvirka áður en farið er upp á háar gangstéttarbrúnir eða stigaprep til að hún rekist ekki í hindranir og skemmist.
- ▶ Ef nauðsynlegt er að stilla veltivörnina skal hafa samband við þjálfað starfsfólk sem aðlagði hjólastólinn.

a) Keyrt niður/upp niðurtekna gangstéttarkanta

Keyra skal upp/niður lágar hindranir (t.d. niðurtekna gangstéttarkanta) með veltivörnina virka (sjá mynd 65, grunnstilling). Þegar farið er upp hindrunina snerta hjól veltivarnarinnar jörðina og koma í veg fyrir að stóllinn velti aftur á bak.

b) Keyrt yfir háar gangstéttarbrúnir/stigaprep

Þegar keyrt er yfir háar gangstéttarbrúnir og stigaprep skal hjúkrunaraðili gera veltivörnina óvirka áður en hjólastólnum er hallað til að hindra að veltivörnin skemmist.


- 1) Ýtið fjöður þrífætisins inn (sjá mynd 66).
- 2) Snúið veltivörninni upp um **u.þ.b. 180°** þar til hún festist.
→ Hægt er að keyra eða bakka yfir hindrunina.
- 3) Gerið veltivörnina aftur virka þegar búið er að fara yfir hindrunina. Til þess skal ýta fjöður þrífætisins inn og snúa veltivörninni niður um **u.þ.b. 180°** þar til hún festist.



6.3.8 Lyftihjálp

Með lyftihjálpinni (sjá mynd 67, atriði 1) er auðveldara fyrir hjúkrunaraðilann að lyfta hjólastólnum upp, t.d. til að fara yfir stigaþrep/gangstéttarbrún:

- 1) Þegar komið er að hindrun skal setja annan fótinn á lyftihjálpina og ýta niður (sjá mynd 68).
- 2) Ef ökuhandföngum/ökuslá er ýtt niður á sama tíma er auðvelt að lyfta hjólastólnum upp.



6.3.9 Bakki

⚠ VARÚÐ

Hjúkrunaraðilar lyfta stólnum rangt upp

Notandinn getur dottið eða dottið fram fyrir sig

- ▶ Stólnum má ekki lyfta upp með því að halda í bakkann.

⚠ ÁBENDING

Ofhleðsla

Hætta á að bakkinn skemmist

- ▶ Ekki má setja þunga hluti á bakkann.

Bakkann skal nota sem stoð í máltíðum, við vinnu eða leik. Þar sem hann er gegnsær er hægt að sjá fæturna og leiðréttu stellingu notandans.

Festing bakkans

- ▶ Rennið bakkanum á armhvílurnar.

Fjarlæging bakkans

- ▶ Togið bakkann af armhvílunum.



6.3.10 Belti/beltakerfi

6.3.10.1 Belti/beltakerfi

Framleiðandinn býður ekki upp á belt/beltakerfi sem valkost fyrir þennan stól.

Pó er hægt að nota stellingarkerfi frá Ottobock með hjólastólnum. Fyrir spurningar sem tengjast þessu efni skal hafa samband við þjálfað starfsfólk sem aðlagaði vöruna eða þjónustudeild framleiðandans (sjá innanverða bakkápu eða bakkápu til að fá heimilisföng).

Framleiðandinn mælir með notkun stellingarkerfa.

6.3.11 Valfrjálsir aukahlutir

Vera má að stóllinn sé búinn aukahlutum.

Þjálfað starfsfólk eða framleiðandi hefur séð um að festa þessa aukahluti á stóllinn og forstillt þá við afhendingu.

6.4 Sundurhlutun/flutningur

ÁBENDING

Ofhleðsla þegar stóllinn er brotinn saman

Hætta á að stóllinn afmyndist, vandamál þegar hann er felldur sundur

- ▶ Setjið aldrei þunga hluti ofan á stóllinn þegar búið er að fella hann saman.

Hægt er að undirbúa hjólastóllinn til flutnings í fólksbifreið:

- 1) Fjarlægjið fótahvílurnar (sjá blaðsíðu°25).
- 2) Ef afturhjólin eru búin hraðtengi skal fjarlægja hjólin (sjá blaðsíðu°28).

6.5 Notkun stólsins í hjólastólabíl

6.5.1 Almennar öryggisleiðbeiningar

⚠ VIÐVÖRUN

Hjólastóllinn notaður sem sæti í hjólastólabíl

Alvarleg meiðsli í árekstrum

- ▶ Notið ávallt sæti og festingar í hjólastólabílum fyrst. Þetta er eina leiðin til að vernda farþega á sem bestan hátt ef árekstur verður.
- ▶ Ef hjólastóllinn er notaður sem sæti í hjólastólabíl er nauðsynlegt að nota þann öryggisbúnað sem í boði er frá framleiðanda og viðeigandi aðhaldsbúnað. Fyrir nánari upplýsingar skal sjá notkunarleiðbeiningarnar "Using your Wheelchair/Seating Shell Mobility Base or Buggy as a Seat for Transportation in a Wheelchair Accessible Vehicle" ("Hjólastóllinn/Seating Shell Mobility Base eða Buggy notað sem sæti í ferðum með hjólastólabíl"), pöntunarnr. 646D158.

⚠ VIÐVÖRUN

Óleyfileg notkun valfrjáls búnaðar í hjólastólabíl

Alvarleg meiðsli í árekstrum



- ▶ Stillið bakhallann í 90° þegar hjólastóllinn er fluttur í hjólastólabíl. Notið festiklemmurnar til að festa hallastíllanlegt bak með gyrði (sjá blaðsíðu°18).
- ▶ Látið fótahvílurnar eins langt niður og hægt er þegar hjólastóllinn er fluttur í hjólastólabíl (sjá blaðsíðu°27).
- ▶ Takið bakkann af hjólastólnum þegar hjólastóllinn er fluttur í hjólastólabíl (sjá blaðsíðu°32).

6.5.2 Skyldubúnaður

Skylda er að hjólastóllinn sé búinn festistöðum og beltum til að hægt sé að nota hann sem sæti í hjólastólabíl.

- Framleiðandi eða þjálfað starfsfólk sem aðlagaði hjólastóllinn setja festistaði (sjá mynd 70, atriði 1: framhlið; sjá mynd 71, atriði 1: afturhlið) á stóllinn samkvæmt beiðni (heimilisföng er að finna á innan- eða utanverðri bókakápu).
- Hægt er að fá belti frá öðrum framleiðanda. Til að fá nánari upplýsingar um birgi skal sjá bæklinginn "Using your Wheelchair/Seating Shell Mobility Base or Buggy for Transportation in a Wheelchair Accessible Vehicle" ("Hjólastóllinn/Seating Shell Mobility Base eða Buggy notað sem sæti í ferðum með hjólastólabíl") pöntunarnr. 646D158.

Þyngd einstaklingsins sem á að flytja er takmörkuð við **100 kg í mesta lagi** (þyngd með sætisskel).



6.6 Umhirða

6.6.1 Leiðbeiningar varðandi umhirðu

- Komið í veg fyrir að sandur eða aðrar agnir komast inn í hjólastólinn. Þetta gæti skemmt hjólalegurnar og læsikerfið.
- Hjólastólinn má ekki nota í söltu vatni.

6.6.2 Hreinsun

- 1) Hreinsið sessuna með volgu vatni og mildu hreinsiefni.
- 2) Fjarlægið bletti með svampi eða mjúkum bursta.
- 3) Skolið með hreinu vatni og látið íhlutina þorna.

Mikilvægar upplýsingar fyrir hreinsun

- Notið ekki ætandi hreinsiefni, leysiefni, harða bursta o.s.frv.
- Plasthlutir, íhlutir grindar, undirgrind og hjól er hægt að hreinsa með mildu hreinsiefni og rökum klút. Látið þorna vel eftir hreinsun.
- Sökkvið ekki í vatni. Íhluti má ekki þvo í þvottavél.

6.6.3 Sótthreinsun

- Nuddið alla hluta hjólastólsins með sótthreinsiefni.

Mikilvægar upplýsingar varðandi sótthreinsun

- Notið einungis sótthreinsiefni úr vatni. Fylgið notkunarleiðbeiningum framleiðandans eftir.
- Hreinsið púða og handföng rækilega fyrir sótthreinsun.

7 Viðhald/viðgerðir

7.1 Viðhald

Hjólastóllinn er með CE-merkingu. Með merkingunni tryggir framleiðandinn að þessi lækningabúnaður í heild sinni er í samræmi við kröfur Evróputilskipunar um lækningatæki 93/42/EEC.

- Athugið hvort stóllinn virki á réttan hátt fyrir hverja notkun.
- Ekki skal nota hjólastólinn ef gallar eru til staðar, sérstaklega ef hjólastóllinn er óstöðugur eða ef keyrslueiginleikar eru ekki eins og þeir eiga að vera, ef vandamál koma upp með sætisstöðu notandans eða stöðugleika sætisins. Hafið tafarlaust samband við dreifiaðila til að leiðrétta gallana.
- Þetta á einnig við ef íhlutir eru lausir, sveigðir eða skemmdir.
- Sum viðhaldsverk getur notandinn séð um sjálfur að ákveðnu marki á heimili sínu (sjá kaflann "Viðhaldsverk").
- Framleiðandinn ráðleggur einnig að vottaður dreifiaðili framkvæmi viðhald reglulega á **12 mánaða** fresti.
- Skortur á viðhaldi hjólastólsins getur leitt til alvarlegra eða lífshættulegra meiðsla.
- Einungis vottaðir dreifiaðilar eða framleiðandi geta gert viðhald og viðgerðir á hjólastólnum. Þetta tryggir að einungis varahlutir frá Ottobock séu notaðir í viðgerðum.

7.1.1 Viðhaldstímabil

Notandinn eða hjúkrunaraðilinn skal athuga atriðin sem tekin eru fram hér að neðan með ákveðnu millibili. Notandinn má ekki sitja í hjólastólnum þegar eftirfarandi atriði eru athuguð:

Íhlutur	Verk	Fyrir hverja notkun	Vikulega	Mánaðarlega
Undirgrind	Athugið hvort skrúfur séu vel fastar			X
Sætisgrind	Athugið hvort skrúfur séu vel fastar			X
Sætisskel/sætiskerfi	Athugið festingar sætisgrindarinnar/baksins		X	
	Athugið hvort færánleg sætakerfi séu rétt fest	X		
Hallastilling	Athugið hvort snúningsás snúist hindranalaust			X
	Athugið hvort festikerfið virki vel		X	
	Athugið hvort skrúfur hemlafótstigsins séu vel fastar			X
	Athugið hvort læsibúnaður hemlafótstigs virki vel		X	
Bak	Athugið festingu		X	
	Athugið hvort færánleg bakkerfi séu rétt fest	X		
	Samanfellanlegt bak: athugið hvort skrúfboltarnir séu skrúfaðir inn til fulls	X		
	Athugið hvort ökuhandföngin séu vel fest og hvort þau séu skemmd	X		
Millistykki fyrir hjól, afturhjól	Athugið hvort klemmur undirgrindarinnar séu vel fastar			X
	Athugið hvort hraðtengiöxlarnir sitji vel		X	
	Athugið hvort hjólin snúist vel			X
Hjólbarðar	Athugið loftþrýsting í hjólbörðunum (sjá "Tæknilegar upplýsingar")		X	
	Athugið dýpt mynstursins (lág. 1 mm)			X
Framhjól	Athugið hvort lausagangur sé í gafflinum þegar hann er í millistykkinu			X
	Athugið hvort festirænar séu fastar			X
	Athugið hvort framhjólín snúist hindranalaust (án óhreininda)	X		
Hjólábremsa	Athugið hemlunargetu		X	
Fótahvíla	Athugið hvort hömlunarbúnaður virki á réttan hátt og sé vel festur			X
	Athugið hvort fótaplattan sé stöðug/óskemmd			X
Armhvíla og hliðarplata	Athugið festingu	X		
	Athugið hvort armhvílan sé skemmd		X	
Púðar/belti	Tryggið að púðar séu í góðu ástandi			X
	Athugið hvort festibelti séu slitin			X
	Athugið hvort beltaslingjan virki á réttan hátt		X	
Veltivörn	Athugið hvort veltivörninn virki vel og sé vel fest		X	
	Athugið fjarlægð frá jörðu (lág. 5 mm)			X
Legur	Athugið hvort óhreinindi séu í legum			X

7.1.2 Viðhaldsverk

Til að tryggja að hjólastóllinn sé þægilegur í notkun geta notendur eða hjúkrunaraðilar með ákveðna tæknikunnáttu framkvæmt viðhald á hjólastólnum:

- Hár og óhreinindi safnast oft saman á milli framhjólagafflanna og framhjóllanna með tímanum og koma í veg fyrir að framhjólín snúist hindranalaust. Fjarlægið framhjólín og hreinsið gafflana og framhjólín rækilega með mildu hreinsiefni til heimilisnota.
- Vera má að afturhjólín sé búin hraðtengibúnaði. Til að kerfið virki á réttan hátt skal tryggja að engin óhreinindi hafi fest við hraðtengiöxulinn eða öxlshúsið. Berið öðru hverju örlítið af resínlausri saumavélarolíu á hraðtengiöxulinn.

- Ef hraðtengiöxullinn blotnar skal þurrka bleytuna af honum.
- Athugið skrufufestingar reglulega.
Athugið reglulega hvort skrufur séu vel fastar, sérstaklega eftir að stóllinn er fyrst tekinn í notkun eða eftir að hann hefur verið stilltur. Ef skrúfa losnar hvað eftir annað skal hafa samband við dreifiaðila tafarlaust.

7.2 Viðgerðir

7.2.1 Skipt um hjólbarðaslöngu, felguvörn og hjólbarða

UPPLÝSINGAR

Pegar keyrt er utandyra skal ávallt hafa viðgerðarsett og loftpumpu meðferðis (fyrir loftfyllt dekk) ef neyðartilfelli skyldi koma upp.

Viðeigandi loftpumpur eru skráðar á pöntunarblaðið og fylgja með hjólastólum. Einnig er hægt að nota hjólbarðafrauð sem fyllir út í hjólbarðann og harðnar (fáanlegt í reiðhjólaverslunum o.s.frv.).

Til að gera við sprungin dekk er einungis þörf á viðeigandi verkfærum og lágmarks tæknikunnáttu. Notendur geta skipt um dekk sjálfir ef þeir vilja.

Dekkið fjarlægt og undirbúningur fyrir nýtt dekk

- 1) Fjarlægið hjólbarðann gætilega úr felgunni með viðeigandi verkfærum.
UPPLÝSINGAR: Gætið þess að skemma ekki felguna eða hjólbarðaslönguna.
- 2) Skrúfið tappann af ventlinum og fjarlægið slönguna.
- 3) Gerið við slönguna samkvæmt leiðbeiningunum í viðgerðarsettinu eða skiptið henni út.
- 4) Áður en hjólbarðinn er aftur settur í skal athuga hvort aðskotahlutir séu í felgulegunum eða hjólbarðanum innanverðum. Vera má að slangan hafi sprungið vegna aðskotahluta.
- 5) Áður en slangan er sett í skal tryggja að ástand felguvarnar sé fullnægjandi. Felguvörnin hindrar að teinaendarnir skemmi slönguna.



Felguvörn skipt út (einungis ef þess er þörf)

- 1) Ef nauðsynlegt er að skipta felguvörninni út skal fjarlægja hana úr felgunni.
- 2) Setjið nýju felguvörnina ofan í felguna og tryggið að ventslopið sé á réttum stað.
- 3) Límið felguvörnina fasta ef þörf krefur. Tryggið að felguvörnin nái yfir alla teinaendana.

Slangan og hjólbarðinn sett aftur á

- 1) Ýtið annarri hlið hjólbarðans yfir felgubrúnina á bak við ventlinn.
- 2) Pumpið örlitlu lofti í slönguna til að hún verði hringlaga.
- 3) Skrúfið tappann af slöngunni og ýtið ventlinum í gegnum ventlaopið á felgunni.
- 4) Setjið slönguna í hjólbarðann.
- 5) Setjið hina hlið hjólbarðans í felguna. Byrjið þar sem ventillinn er. Tryggið að slangan klemmist ekki á milli hjólbarðans og felgunnar þegar þetta er gert.



Lofti pumpað í slönguna

- 1) Tryggið að ventillinn sé hornréttur miðað við felguna til að slangan og hjólbarðinn í kringum ventilinn séu í réttri stöðu.
- 2) Skrúfið tappann fast á.
- 3) Loftmagn slöngunnar á að vera þannig að auðvelt sé að ýta á hjólbarðann með þumfingrinum.
UPPLÝSINGAR: Ef strikin báðumegin á utanverðum hjólbarðanum eru jafnlangt frá felgunni er hjólbarðinn staðsettur fyrir miðju. Ef svo er ekki skal hleypa lofti út og miðjustilla hjólbarðann.
- 4) Pumpið eins miklu loftmagni í slönguna og gildi hjólbarðaframleiðandans leyfa (sjá merkingar á hjólbarða).
- 5) Skrúfið ventlatappann fast á ventilinn.

7.2.2 Sértilfelli þar sem hjól eru búnin pólýúretan hjólbörðum

Ef nauðsynlegt er að skipta pólýúretan hjólbörðum út þarf einnig að skipta út báðum hjólunum (í pörum).

8 Förgun

8.1 Upplýsingar um förgun

Farið með vöruna til dreifiaðila til að henni sé hægt að farga.

Öllum íhlutum vörunnar verður að farga á réttan hátt í samræmi við viðeigandi reglugerðir hvers lands um umhverfi og auðlindir.

9 Lagalegar upplýsingar

9.1 Endingartími

Samkvæmt markaðsgreiningum og núverandi tækni hefur framleiðandinn reiknað út að hægt sé að nota hjólastólinn í **5 ár** með þeim skilyrðum að hann sé rétt notaður og að þjónustu- og viðhaldsleiðbeiningum sé fylgt eftir. Geymslutími hjá dreifiaðila eða greiðsluáðilum er ekki meðtalinn í endingartíma.

Pó er lögð áhersla á að hægt er að nota hjólastólinn mun lengur en gefið er upp svo lengi sem vel er farið með hann og honum haldið við á réttan hátt.

Ef endingartíma er lokið skal notandi eða ábyrgðaraðili hans hafa samband við þjálfað starfsfólk sem aðlagði hjólastólinn eða þjónustudeild framleiðanda (heimilisföng má sjá á innan- eða utanverðri bókakápu).

9.2 Ábyrgð

Ábyrgð framleiðandans er einungis gild ef búnaðurinn er notaður við þær aðstæður og til þeirra nota sem greint er frá. Framleiðandi ráðleggur að búnaðurinn sé notaður og honum viðhaldið samkvæmt notkunarleiðbeiningum.

Framleiðandinn ber ekki ábyrgð á skemmdum sem orsakast hafa vegna íhluta og varahluta sem ekki eru vottaðir af framleiðanda. Einungis vottaðir dreifiaðilar eða framleiðandi geta framkvæmt viðgerðir á hjólastólnum.

9.3 CE-samræmi

Þessi búnaður stenst kröfur viðmiðunarreglna 93/42/EEC um lækningatæki. Þessa vöru er búið að flokka sem vöru í flokki I (class I) í samræmi við flokkunarreglur sem greint er frá í viðauka IX í tilskipuninni. Samræmisýfirlýsingin var gerð af Ottobock sem ber einungis ábyrgð í samræmi við viðauka VII í tilskipuninni.

9.4 Ábyrgðarskilmálar

Nánari upplýsingar um skilmála og skilyrði ábyrgðar er hægt að fá hjá þjálfuðu starfsfólki sem aðlagði hjólastólinn eða hjá þjónustudeild framleiðanda (heimilisföng má sjá á innan- eða utanverðri bakkápu).

10 Viðauki

10.1 Tæknilegar upplýsingar

Almennar upplýsingar

	Börn		Fullorðnir	
	Stærð 1	Stærð 2	Stærð 3	Stærð 4
Breidd grindar	~ 14–18" ~ 35–45 sm	~ 16–20" ~ 40–50 sm	~ 18–22" ~ 45–55 sm	~ 20–24" ~ 50–60 sm
Sætisbreidd á milli armhvíla¹⁾	~ 12–16" 30–40 sm	~ 14–18" 35–45 sm	~ 16–20" 40–50 sm	~ 18–22" 45–55 sm
Sætisbreidd, ytri mörk sætisgrindar	11–15" ~ 28–38 sm	13–17" ~ 33–43 sm	15–19" ~ 38–48 sm	17–21" ~ 43–53 sm
Sessudýpt	~ 12–16" 30–40 sm	~ 15–19" 37,5–47,5 sm	~ 15–22" 37,5–55 sm	~ 15–22" 37,5–55 sm
Afturhjól	12"/16"/22"/24"			
Framhjól	6"/7"/8"			
Snúningsradíus, undirgrind	1050 mm			
Hámarkshalli sem leyfilegur er til að fara yfir hindranir [upp í móti/niður í móti]	9°/10°			
Hæð sætisröra	~ 14–18" ~ 35–45 sm	~ 16–20" ~ 40–50 sm	~ 16–20" ~ 40–50 sm	~ 16–20" ~ 40–50 sm
Sætishalli	-5° – +50°			
Bakhæð	~ 21"/24" (frá sætisbotni) ~ 53 sm/~ 61 sm (frá sætisbotni)			
Bakhalli	-5° – +30°			
Heildarlengd²⁾	frá ~ 21" frá ~ 53 sm	frá ~ 24" frá ~ 61 sm	frá ~ 24" frá ~ 61 sm	frá ~ 27" frá ~ 68,5 sm
Hleðslugeta í heild	90 kg/200 pund	136 kg/300 pund		
Hallastíllanleg ökuslá (hæð)	+/- 7" +/- 18 sm			
Pyngd grindar³⁾	15 kg/33 pund	16 kg/35 pund	16,5 kg/36 pund	17 kg/37,5 pund

¹⁾ Á milli hliðarstöða armhvílu (hliðarstöðir án valfrjálsra sætisplata)

²⁾ Án fótahvíla/veltivarnar; með 12" hjólum

³⁾ Án hjóla, fótahvíla, armhvíla og sætissamstæðu

Leyfilegur loftþrýstingur í hjólbörðum

Dekkjastærð (í ")	Loftþrýstingur hjólbarða (í börum) ¹⁾
12" (afturhjól)	2,5 bör
16" (afturhjól)	2,4 bör
22" (afturhjól)	4,5 bör
24" (afturhjól)	6 bör

¹⁾ Sjá merkingu á hjólbarða varðandi leyfilegan loftþrýsting

UPPLÝSINGAR

Fylgið öryggisleiðbeiningum um loftþrýsting og hjólbarða eftir (sjá blaðsíðu⁸, undirkafla "Hættur vegna rangs loftþrýstings/gallaðra hjólbarða")

Kundenservice/Customer Service

Europe

Otto Bock HealthCare Deutschland GmbH
Max-Näder-Str. 15 · 37115 Duderstadt · Germany
T +49 (0) 5527 848-3433 · F +49 (0) 5527 848-1460
healthcare@ottobock.de · www.ottobock.de

Otto Bock Healthcare Products GmbH
Kaiserstraße 39 · 1070 Wien · Austria
T +43 (0) 1 5269548 · F +43 (0) 1 5267985
vertrieb.austria@ottobock.com · www.ottobock.at

Otto Bock Adria Sarajevo D.O.O.
Omladinskih radnih brigada 5
71000 Sarajevo · Bosnia-Herzegovina
T +387 (0) 33 766200 · F +387 (0) 33 766201
obadria@bih.net.ba · www.ottobockadria.com.ba

Otto Bock Bulgaria Ltd.
41 Tzar Boris III Blvd. · 1612 Sofia · Bulgaria
T +359 (0) 2 80 57 980 · F +359 (0) 2 80 57 982
info@ottobock.bg · www.ottobock.bg

Otto Bock Suisse AG
Pilatusstrasse 2 · CH-6036 Dierikon
T +41 (0) 41 455 61 71 · F +41 (0) 41 455 61 70
suisse@ottobock.com · www.ottobock.ch

Otto Bock ČR s.r.o.
Protetická 460 · 33008 Zruč-Senec · Czech Republic
T +420 (0) 377825044 · F +420 (0) 377825036
email@ottobock.cz · www.ottobock.cz

Otto Bock Iberica S.A.
C/Majada, 1 · 28760 Tres Cantos (Madrid) · Spain
T +34 (0) 91 8063000 · F +34 (0) 91 8060415
info@ottobock.es · www.ottobock.es

Otto Bock France SNC
4 rue de la Réunion · CS 90011
91978 Courtaboeuf Cedex · France
T +33 (0) 1 69188830 · F +33 (0) 1 69071802
information@ottobock.fr · www.ottobock.fr

Otto Bock Healthcare plc
32, Parsonage Road · Englefield Green
Egham, Surrey TW20 0LD · United Kingdom
T +44 (0) 1784 744900 · F +44 (0) 1784 744901
bockuk@ottobock.com · www.ottobock.co.uk

Otto Bock Hungária Kft.
Tatai út 74. · 1135 Budapest · Hungary
T +36 (0) 1 4511020 · F +36 (0) 1 4511021
info@ottobock.hu · www.ottobock.hu

Otto Bock Adria d.o.o.
Dr. Franje Tuđmana 14 · 10431 Sveta Nedelja · Croatia
T +385 (0) 1 3361 544 · F +385 (0) 1 3365 986
ottobockadria@ottobock.hr · www.ottobock.hr

Otto Bock Italia Srl Us
Via Filippo Turati 5/7 · 40054 Budrio (BO) · Italy
T +39 (0) 051 692-4711 · F +39 (0) 051 692-4720
info.italia@ottobock.com · www.ottobock.it

Otto Bock Benelux B.V.
Ekkersrijt 1412 · 5692 AK
Son en Breugel · The Netherlands
T +31 (0) 499 474585 · F +31 (0) 499 476250
info.benelux@ottobock.com · www.ottobock.nl

Industria Ortopédica Otto Bock Unip. Lda.
Av. Miguel Bombarda, 21 - 2º Esq.
1050-161 Lisboa · Portugal
T +351 (0) 21 3535587 · F +351 (0) 21 3535590
ottobockportugal@mail.telepac.pt

Otto Bock Polska Sp. z o. o.
Ulica Korolowa 3 · 61-029 Poznań · Poland
T +48 (0) 61 6538250 · F +48 (0) 61 6538031
ottobock@ottobock.pl · www.ottobock.pl

Otto Bock Romania srl
Șos de Centura Chitila - Mogoșoia Nr. 3
077405 Chitila, Jud. Ilfov · Romania
T +40 (0) 21 4363110 · F +40 (0) 21 4363203
info@ottobock.ro · www.ottobock.ro

OOO Otto Bock Service
p/o Pultikovo, Business Park „Greenwood”,
Building 7, 69 km MKAD
143441 Moscow Region/Krasnogorskiy Rayon
Russian Federation
T +7 (0) 495 564 8360 · F +7 (0) 495 564 8363
info@ottobock.ru · www.ottobock.ru

Otto Bock Scandinavia AB
Koppargatan 3 · Box 623 · 60114 Norrköping · Sweden
T +46 (0) 11 280600 · F +46 (0) 11 312005
info@ottobock.se · www.ottobock.se

Otto Bock Slovakia s.r.o.
Röntgenova 26 · 851 01 Bratislava 5 · Slovak Republic
T +421 (0) 2 32 78 20 70 · F +421 (0) 2 32 78 20 89
info@ottobock.sk · www.ottobock.sk

Otto Bock Sava d.o.o.
Maksima Gorkog bb · 18000 Niš · Republika Srbija
T +381 (0) 18 4285888 · F +381 (0) 18 4539191
info@ottobock.rs · www.ottobock.rs

Otto Bock Ortopedi ve
Rehabilitasyon Tekniği Ltd. Şti.
Ali Dursun Bey Caddesi · Lati Lokum Sokak
Meriç Sitesi B Blok No: 6/1
34387 Mecidiyeköy-Istanbul · Turkey
T +90 (0) 212 3565040 · F +90 (0) 212 3566688
info@ottobock.com.tr · www.ottobock.com.tr

Africa

Otto Bock Algérie E.U.R.L.
32, rue Ahcène Outaleb - Coopérative les Mimosas
Mackle-Ben Aknoun · Alger · DZ Algérie
T +213 (0) 21 913863 · F +213 (0) 21 913863
information@ottobock.fr · www.ottobock.fr

Otto Bock Egypt S.A.E.
28 Soliman Abaza St. Mohandessein · Giza · Egypt
T +202 (0) 330 24 390 · F +202 (0) 330 24 380
info@ottobock.com.eg · www.ottobock.com.eg

Otto Bock South Africa (Pty) Ltd
Building 3 Thornhill Office Park · 94 Bekker Road
Midrand · Johannesburg · South Africa
T +27 (0) 11 312 1255
info-southafrica@ottobock.co.za
www.ottobock.co.za

Americas

Otto Bock Argentina S.A.
Av. Cabildo 924 · CP 1426
Ciudad Autónoma de Buenos Aires · Argentina
T +54 (0) 11 4706-2255 · F +54 (0) 11 4788-3006
atencionclientes@ottobock.com.ar
www.ottobock.com.ar

Otto Bock do Brasil Ltda.
Rua Jovelino Aparecido Miguel, 32
13051-030 Campinas-São Paulo · Brasil
T +55 (0) 19 3729 3500 · F +55 (0) 19 3269 6061
ottobock@ottobock.com.br · www.ottobock.com.br

Otto Bock HealthCare Canada
5470 Harvester Road
Burlington, Ontario, L7L 5N5, Canada
T +1 (0) 289 288-4848 · F +1 (0) 289 288-4837
infocanada@ottobock.com · www.ottobock.ca

Otto Bock HealthCare Andina Ltda.
Clínica Universitaria Teletón, Autopista Norte km 21
La Caro Chia, Cundinamarca · Bogotá · Colombia
T +57 (0) 1 8619988 · F +57 (0) 1 8619977
info@ottobock.com.co · www.ottobock.com.co

Otto Bock de Mexico S.A. de C.V.
Prolongación Calle 18 No. 178-A
Col. San Pedro de los Pinos
C.P. 01180 México, D.F. · Mexico
T +52 (0) 55 5575 0290 · F +52 (0) 55 5575 0234
info@ottobock.com.mx · www.ottobock.com.mx

Otto Bock HealthCare
Two Carlson Parkway North, Suite 100
Minneapolis, MN 55447 · USA
T +1 (0) 763 553 9464 · F +1 (0) 763 519 6153
usa.customerservice@ottobockus.com
www.ottobockus.com

Asia/Pacific

Otto Bock Australia Pty. Ltd.
Suite 1.01, Century Corporate Centre
62 Norwest Boulevard
Baulkham Hills NSW 2153 · Australia
T +61 (0) 2 8818 2800 · F +61 (0) 2 8814 4500
healthcare@ottobock.com.au · www.ottobock.com.au

Beijing Otto Bock Orthopaedic Industries Co., Ltd.
B12E, Universal Business Park
10 Jiuxianqiao Road, Chao Yang District
Beijing, 100015, P.R. China
T +8610 (0) 8598 6880 · F +8610 (0) 8598 0040
news-service@ottobock.com.cn
www.ottobock.com.cn

Otto Bock Asia Pacific Ltd.
Suite 3218, 32/F., Sun Hung Kai Centre
30 Harbour Road, Wanchai, Hong Kong · China
T +852 (0) 2598 9772 · F +852 (0) 2598 7886
info@ottobock.com.hk

Otto Bock HealthCare India
Behind FairLawn Housing Society
St. Gregorios Lane, Sion Trombay Road
Chembur, Mumbai, 400071 · India
T +91 (0) 22 2520 1268 · F +91 (0) 22 2520 1267
information@indiaottobock.com · www.ottobock.in

Otto Bock Japan K. K.
Yokogawa Building 8F, 4-4-44 Shibaura
Minato-ku, Tokyo, 108-0023 · Japan
T +81 (0) 3 3798-2111 · F +81 (0) 3 3798-2112
ottobock@ottobock.co.jp · www.ottobock.co.jp

Otto Bock Korea HealthCare Inc.
4F Agaworld Building · 1357-74, Seocho-dong
Seocho-ku, 137-070 Seoul · Korea
T +82 (0) 2 577-3831 · F +82 (0) 2 577-3828
info@ottobockkorea.com · www.ottobockkorea.com

Otto Bock South East Asia Co., Ltd.
1741 Phaholyothin Road
Kwaeng Chatuchark · Khet Chatuchark
Bangkok 10900 · Thailand
T +66 (0) 2 930 3030 · F +66 (0) 2 930 3311
obsea@ottobock.co.th · www.ottobock.co.th

Other countries

Otto Bock HealthCare GmbH
Max-Näder-Straße 15 · 37115 Duderstadt · Germany
T +49 (0) 5527 848-1590 · F +49 (0) 5527 848-1676
reha-export@ottobock.de · www.ottobock.com

Ihr Fachhändler | Your specialist dealer



Versandanschrift für Rücksendungen/Adress for Returns:

Otto Bock Manufacturing Königsee GmbH
Lindenstraße 13 · 07426 Königsee/Germany



Otto Bock Mobility Solutions GmbH
Lindenstraße 13 · 07426 Königsee/Germany
T +49 (0) 69 9999 9393 · F +49 (0) 69 9999 9392
ccc@ottobock.com · www.ottobock.com

Ottobock has a certified Quality Management System in accordance with ISO 13485.